

**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM**

**NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG**

**ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS**

**UM**

**LAUGARVATNSVEG, ÚTHLÍÐ - MÚLI**

**1. INNGANGUR**

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar vegagerð á Laugarvatnsvegi, frá Úthlíð að Múla, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Kynntur er nýr 4 km langur vegarkafli á Þjóðvegi nr. 37, Laugarvatnsvegi, frá Úthlíð að gatnamótum Biskupstungnabrautar. Tvíbreið brú verður byggð yfir Andalæk um 15 m sunnan við núverandi brú. Verkið er hluti af endurbótum og lagningu bundins slitlags á Laugarvatnsveg.

**Markmið framkvæmdar:** Markmið með nýrri legu vegarins er að bæta samgöngur um sveitina og auka öryggi vegfarenda.

**Frumathugun:** Þann 3. febrúar 1998 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar og lagði fram frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun tók formlega á móti frummatsskýrslunni með bréfi til Vegagerðarinnar dags. 10. febrúar 1998. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 18. febrúar 1998 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Sunnlenska fréttblaðinu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 18. febrúar til 25. mars 1998 á skrifstofu Biskupstungnahrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík.

Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar Biskupstungnahrepps, Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands. Jafnframt var framkvæmdin kynnt Náttúrufræðistofnun Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:** Laugarvatnsvegur, Úthlíð - Múli. Frummat á umhverfisáhrifum. Verkfræðistofan Hnit, febrúar 1998.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **hreppsnefndar Biskupstungnahrepps** með bréfi dags. 10. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi dags. 17. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Hreppsnefnd fagnar framkvæmdinni og gerir ekki athugasemd við veglínuna sem virðist vel valin. Mjög heppilegt er að nýta gömlu brúna yfir Andalæk og veginn sem reiðleið og slóða fyrir vinnuvélar og gangandi vegfarendur.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi dags. 10. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi dags. 4. mars 1998. Þar segir m.a.:

### 1. Núverandi vegur

*„Náttúruvernd ríkisins telur æskilegt að reynt verði að ganga þannig frá núverandi vegi að hann verði sem minnst áberandi í landslagi. Ef nýta á núverandi veg sem reiðleið er nauðsynlegt að hann verði lækkaður í landi enda ekki þörf á upphækkuðum vegi fyrir slíka umferð. Þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir áframhaldandi reiðvegatengingu að Geysi og svo í átt að Laugarvatni.“*

### 2. Efnistaka

*„Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að farið verði eftir tilmælum Veiðimálastofnunar varðandi efnisnám í og við Andalæk og að farvegi Andalækjar verði ekki raskað<sup>1</sup>. Jafnframt verði haft samráð við Veiðimálastofnun vegna efnistökkunnar. (...) Náttúruvernd ríkisins leggst fyrir sitt leyti ekki gegn hugmyndum Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>2</sup> um frágang á námusvæðinu við Andalæk en leggur áherslu á að haft verði samráð við þar til bæra aðila, s.s. Veiðimálastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins“*

### 3. Gróður og dýralíf

*„Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>2</sup> kemur fram að mýrin sunnan við Múla er athyglisvert svæði gróðurfarslega sem hefur að geyma fjölbreyttan mýra, flóa og vatnagróður. Mýrin hefur gildi fyrir blesgæsir og Múlatjarnir eru einn af fáum varpstöðvum flórgoða á Suðurlandi. Stofnunin bendir á að vegna lífríkis Múlatjarna og nágrennis sé mikilvægt að fyrirhuguð vegagerð hafi ekki áhrif á tjarnirnar og að ekki verði grafinn skurður yfir tjarnirnar til að veita vatni frá veginum.*

*Náttúruvernd ríkisins tekur undir ofangreindar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands og leggur áherslu á að votlendinu verði raskað sem minnst og að ekki verði grafnir skurðir til að veita vatni frá veginum.*

*Að öðru leyti gerir Náttúruvernd ríkisins ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum að jarðraski verði haldið í lágmarki og að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Suðurlandi um afmörkun námusvæða, jarðefnisnám og frágang námusvæða og vegfláa. Enn fremur verði haft samráð við eftirlitsráðgjafa um frágang á núverandi vegstæði.“*

<sup>1</sup> Fylgiskjal 9 í frummatsskýrslu

<sup>2</sup> Fylgiskjal 1 í frummatsskýrslu

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dags. 10. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi dags. 20. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma fram í matsskýrslu telur Hollustuvernd ríkisins að framkvæmdin muni hafa lítil og tímabundin loft-, hávaða-, vatns- og úrgangsmengunaráhrif á framkvæmdatíma, enda verði fylgt ákvæðum mengunarvarnareglugerða og reglugerðar um varnir gegn olíumengun á landi.*

*Í skýrslunni kemur m.a. fram að vegarstæði færast fjær íbúðarhúsum og það næsta sé í um 110 m fjarlægð. Loft- og hávaðamengun muni því heldur minnka við íbúðarhús, að framkvæmdum loknum. Hávaði við íbúðarhús verður undir leiðbeiningarmörkum mengunarvarnareglugerðar skv. mati Hollustuverndar ríkisins miðað við meðalumferð. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að áhrif framkvæmdanna á grunnvatn séu ekki fyrirsjáanleg.“*

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi dags. 10. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi dags. 24. febrúar 1998. Þar segir m.a.:

*„Að því er varðar ferskvatnsfiska þarf að vanda brúargerð og efnistöku við Andalæk. Eins og fram kemur í fylgiskjali 9 í frummatsskýrslu er Andalækur mikilvægur sem uppeldissvæði fyrir lax og silung. Því þarf að halda efnistöku í námu A eins fjarri læknum og unnt er til að koma í veg fyrir að leir og finn salli berist í hann. Undir engum kringumstæðum má taka efni úr læknum.*

*Brúargerð í samræmi við mynd 8 í frummatsskýrslu verður að teljast fullnægjandi varðandi fiskgengd um Andalæk“*

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dags. 10. febrúar 1998 og barst umsögn með bréfi dags. 13. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd enda verður ekki séð að hún stefni þekktum menningarminjum í hættu.*

*Vakin skal athygli á tveimur fyrirvörum í niðurstöðum rannsóknarskýrslu fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands nr. XXIV sem er fylgiskjal með frummatsskýrslunni:*

*Í fyrsta lagi kann að verða nauðsynlegt að hrófla við fjárhúsrústum í nágrenni vegarins og þá er nauðsynlegt að Þjóðminjasafni Íslands verði gert viðvart í tíma og fornleifafræðingur fenginn til að fylgjast með framkvæmdinni. Í öðru lagi ber að hafa aðgæslu við allt jarðrask og komi í ljós áður óþekktar fornleifar eftir að framkvæmdir hefjast ber að tilkynna það Þjóðminjasafni Íslands án tafar.“*

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Tvær athugasemdir bárust á kynningartíma.

Athugasemd barst frá **Bryndísi Róbertsdóttur**, dags. 24. mars 1998. Þar kemur m.a. fram:

#### A. Verndun Úthlíðarhrauns og Taglalækjar í landi Hrauntúns

*„Út frá landslags- og jarðfræðisjónarmiðum verður að telja svæðið við Taglalæk og Úthlíðarhraun verðmætt. Því er nauðsynlegt að halda raski á svæðinu í lágmarki. Tel nauðsynlegt að ákvæði um slíkt séu í útboðsgögnum.“*

Bryndís gerir eftirfarandi tillögur:

1. Engin framræsla verði sunnan fyrirhugaðs vegar.
2. Nýr framræsluskurður norðan fyrirhugaðs vegar nái aðeins að Taglalæk, og ekki verði grafið gegnum Úthlíðarhraun.
3. Yfirborð nútímahrauna verður ekki lagað, hafi það einu sinni verið skemmt. Því verði raski á vegsvæði yfir hraunið haldið í lágmarki. Í þessu tilliti er nefndur akstur bíla og véla utan vegar, vinna við girðingar og færslur á vatnslögnum.
4. Athafnasvæði brúarvinnuflokks við Andalæk verði austan lækjar svo skemmdir á Úthlíðahrauni verði sem minnstar.

#### B. Fornminjar í landi Dalsmynniss og Austurhlíðar

*„Lagt er til að ekki verði hreyft við fornminjum eða yngri mannvistarleifum á vegsvæðinu og a.m.k. 20 m fjarlægð verði frá minjum að vegsvæði.“*

Í þessu tilliti eru nefnd fjárhús og rétt í landi Dalsmynniss, hluti af Kónsvegi og Múlahús í námunda við námu B.

#### C. Nálægð vegar við útihús í landi Austurhlíðar

Bryndís telur nauðsynlegt að skoða hvort ekki sé ástæða til að færa vegin lengra frá fjárhúsi m.a vegna athafnasvæðis, sjón-, útlits- og lyktarmengunar.

#### D. Náma B, við rætur Múlafjalls, verði færð austar

Lagt er til að námusvæði B verði fært austar en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu til að vernda á jarðveg, gróður og fornminjar. Jafnframt er tekið fram að gróðurþekja sé samfelld á þessu svæði og þar liggi gamlar reiðgötur. Lögð er áhersla á að rask vegna námusvæðisins og aksturs frá því fari ekki upp fyrir núverandi þjóðveg vegna nálægðar við Kónsveg.

Ennfremur fjallar Bryndís um rask á mýri í landi Múla og umgegni í námu C á Stakkssáreyrum. Eru tillögur hennar í anda umsagna frá umsagnaraðilum.

Athugasemd barst frá **Hauki Þórðarsyni, Maríu Guðmundsdóttur, Gerði Sif Hauksdóttur og Karli Benediktssyni**, dags. 25. mars 1998. Þar segir m.a.:

*„Í skýrslunni er greint frá fyrirhugaðri veglínu í landi Hrauntúns, frá Úthlíðarmörkum um neðstu tögl Úthlíðarhrauns og austur yfir Andalæk. Fylgir hún að mestu gamla vegarstæðinu. Við teljum brýnt að á þessu svæði verði jarðraski haldið í algeru lágmarki. Tekið er fram í skýrslunni að umsvifum vegna brúargerðar við Andalæk skuli svo sem kostur er haldið austan lækjarins, sem er af hinu góða.“*

*Taka þarf hins vegar einnig skýrt fram að nýir framræsluskurðir skuli ekki grafnir meðfram vegi næst Andalæk, og sömuleiðis að lækurinn sem rennur við vesturjaðar hrauntagsins (Taglalækur) skuli ekki undir neinum kringumstæðum grafinn út í Andalæk eða farvegi hans breytt á annan hátt utan sjálfs vegarstæðisins.“*

Athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun þar til kærufrestur er liðinn.

## **4. UMHVERFISÁHRIF LAUGARVATNSVEGAR FRÁ ÚTHLÍÐ AÐ MÚLA.**

### **4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD**

Í frummatsskýrslu er kynntur nýr 4 km langur vegur. Fyrirhuguð vegaframkvæmd er á Þjóðvegi nr. 37, Laugarvatnsvegi, frá landamerkjum jarðanna Úthlíðar og Hrauntúns að vegamótum við Biskupstungnabraut í landi Múla. Ný tvíbreið brú yfir Andalæk verður byggð um 15 m sunnan við núverandi brú.

Framkvæmdatími er áætlaður frá maí til október 1998.

#### **4.1.1 Lega vegar**

Vegurinn liggur um land jarðanna Hrauntúns, Dalsmýnnis, Hlíðatúns, Austurhlíðar og Múla. Vegurinn mun að mestu fylgja þjóðvegi vestan Andalækjar. Í landi Hrauntúns liggur vegstæðið fyrst utan í þurrleðu klapparholti og mýrlendi en síðan um gróið hraun með birki- og víðikjarri. Austan lækjar og að Stekkholtsafleggjara mun nýi vegurinn liggja að hluta til á núverandi þjóðvegi og að hluta sunnan núverandi vegar. Austan Stekkholtsafleggjara og að stöð 22.500 í landi Múla mun vegstæðið liggja allt að 200 m sunnan núverandi þjóðvegjar. Á þessu svæði fer vegurinn í fyrstu um áreyrar og síðan um framræst mýrlendi, mýrar eða gróið land og eykst hlutfall óraskaðra mýra eftir því sem austar dregur. Við ákvörðun á legu vegarins norðan Múlatjarna tók Vegagerðin tillit til ábendinga Náttúrufræðistofnunar Íslands og eftirlitsmanns Náttúruverndar ríkisins<sup>1</sup> og flutti veginn ofar en áætlað var í upphafi. Frá stöð 22.500 í landi Múla og að Biskupstungnabraut mun vegstæðið að mestu fylgja núverandi vegi.

#### **4.1.2 Efnistaka**

Efnistaka er fyrirhuguð á áreyrum Andalækjar (náma A), við rætur Múlafjalls (náma B) og í aurkeilu á Stakksáreyrum (náma C). Reiknað er með að um 104,000 m<sup>3</sup> efnis fari í fyllingar, burðarlög og slitlag.

**Náma A** er á áreyrum Andalækjar í landi Stekkholts. Samkvæmt frummatsskýrslu afmarkast námasvæðið af miðjum farvegi Andalækjar að vestan og norðan, af landamerkjum Stekkholts og Dalsmýnnis að austan og norðurjaðri túns að sunnan. Flatarmál námusvæðis er 2 ha. Vegagerðin áætlað að taka 8,500 m<sup>3</sup> af burðarefni úr námunni. Þar af eru 5,500 m<sup>3</sup> í haug í miðri námunni. Samkvæmt frummatsskýrslu verður ekki komist hjá því að vinnuvélar fari í lækinn og að tímabundið rask verði á árfarveginum. Námu A verður lokað í verklok.

<sup>1</sup> Fylgiskjal 1 og 2 í frummatsskýrslu

**Náma B** er við rætur Múlafjalls í landi Austurhlíðar. Efnið í námunni er bólstraberg. Flatarmál námusvæðis er um 3 ha og er áætlað að um 60,000 m<sup>3</sup> verði teknir úr námunni. Í verklok verður námunni lokað, námusvæðið sléttað með afýttu efni og sáð í sár.

**Náma C** er aurkeila á Stakksáreyrum í landi Múla. Námusvæðið afmarkast af girðingu að sunnan, Biskupstungnabraut að vestan, suðurbakka Stakksár að norðan og mörkum áreyrar og mýrar að austan. Náman á Stakksáreyrum hefur verið lengi í notkun og er flatarmál námusvæðis 7,6 ha. Samkvæmt niðurstöðum jarðrannsóknna þá er heildarmagn efnis í námu C áætlað um 52,000 m<sup>3</sup>. Miðað við heildar efnisþörf samkvæmt frummatsskýrslu má ætla að um 35,500 m<sup>3</sup> efnis úr námu C verði notað í Laugarvatnsveg.

Samkvæmt frummatsskýrslu verður frágangur á námum unnin í samráði við fulltrúa Náttúruverndar ríkisins og landeigenda.

## 4.2 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

### 4.2.1 Gróður

Vegurinn mun liggja yfir graslendi, ræktuð tún og mýrar. Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>1</sup> kemur fram að mýrin sunnan við Múla er athyglisvert svæði gróðurfarslega sem hefur að geyma fjölbreyttan mýra-, flóa- og vatnagróður. Myndar þetta votlendi eina heild með Múlatjörnum sem eru í 600 m fjarlægð frá fyrirhuguðu vegstæði. Óspillt votlendi á Suðurlandi eru ekki mörg og nauðsynlegt er að varðveita þau sem enn eru eftir.

Í umsögn sinni leggur Náttúruvernd ríkisins áherslu á að votlendinu verði raskað sem minnst og að ekki verði grafnir skurðir til að veita vatni frá veginum. Í svari Vegagerðarinnar, dags. 18. mars 1998, kemur fram að ekki verður grafinn skurður með veginum þar sem vegurinn liggur í jaðri mýrarinnar. Tjarnirnar og mýrin verða ekki ræst fram og þess gætt að raska mýrinni sem minnst. Þannig ætti núverandi jafnvægi vatnsbúskapar við tjarnirnar að viðhaldast. Rör verður lagt undir veginn til að vatnsstaðan haldist óbreytt. Telur Vegagerðin jafnframt að röskunin verði ekki meiri af völdum nýbyggingarinnar en af völdum núverandi vegar.

Bryndís Róbertsdóttir leggur til í athugasemd sinni að námasvæði B verði fært austar en frummatsskýrsla gerir ráð fyrir, til að vernda jarðveg, gróður og fornminjar á svæðinu.

Í svari Vegagerðarinnar, dags. 1. apríl 1998, segir m.a. að ákvörðun Vegagerðarinnar að taka ekki efnið eins og Bryndís leggur til sé á þeim forsendum að raska sem minnst af ræktuðum tünnum frá Austurhlíð og með því að taka efni á fyrirhuguðum stað gefist meira rými fyrir veginn, hlíðin færast frá vegstæðinu og líkur á skaflamyndun minnki.

### 4.2.2 Dýralíf

Í frummatsskýrslu<sup>1</sup> kemur fram að Múlatjarnir og mýrin suður af bænum Múla eru mikilvægar fyrir fuglalíf. Þær eru einn af fáum varpstöðum flórigoða á Suðurlandi en

<sup>1</sup> Fylgiskal 1 í frummatsskýrslu

honum hefur fækkað mjög á Íslandi á þessari öld. Blesgæsir eru að líkindum reglulegir gestir vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi. Samkvæmt frummatsskýrslu og svörum Vegagerðarinnar við fyrirspurnum Skipulagsstofnunar, dags. 18. mars, verður þess gætt vatnsbúskapur mýrarinnar raskist ekki.

Í umsögn sinni leggur veiðimálastjóri áherslu á að Andalækur sé mikilvægt uppdissvæði fyrir lax og silung. Það sama kemur fram í greinagerð Veiðimálastofnunar í frummatsskýrslu<sup>1</sup>. Því þurfi að halda efnistöku í námu A eins fjarri læknum og unnt er til að koma í veg fyrir að leir og fínn salli berist í hann. Undir engum kringumstæðum megi taka efni úr læknum. Í greinagerð Veiðimálastofnunar er jafnframt lögð áhersla á að ekki verði farið í lækinn eða svo nærri honum að lækurinn kunni að renna í gryfjur og við brúargerðina verði reynt að raska árbotninum eins lítið og unnt er. Í umsögn sinni tekur Náttúruvernd ríkisins undir tilmæli Veiðimálastofnunar og leggur áherslu á að haft verði samráð við stofnunina vegna efnistökkunnar.

Í svari Vegagerðarinnar, dags. 18. mars 1998, er vísað í frummatsskýrslu þar sem ekki er talið hjá því komist að tímabundið rask verði á árfarveginum. Þar segir jafnframt: „Efnið sem Vegagerðin ætlar að taka úr þessari námu eru um 3000 m<sup>3</sup> af mól og er áætlað að taka hana við bakka árinna, auk þess að taka malað efni úr haug. Malaða efnið er tilbúið í haug en mölin úr ánni flokkast sem neðra burðarlag og verður því ekki tekin fyrr en á seinni hluta framkvæmdatímans. Brúin verður byggð fyrrihluta sumars og verður mölin notuð við brúinna til að lágmarka akstursvegalengdir“

Náttúrufræðistofnun Íslands telur nauðsynlegt að ekki verði sáð í mölina við Andalæk og ekki í allt svæðið í Stakksáreyrum, heldur fái landið að gróa upp á náttúrulegan hátt til að viðhalda varpkjörlendi fyrir sandlóu og tjald<sup>2</sup>. Þá leggur stofnunin til að gerðar verði nokkrar tjarnir á malartökustað við Andalæk til að auka fuglalíf um leið og gengið verði frá námunni.

Samkvæmt frummatsskýrslu verður komið til móts við óskir Náttúrufræðistofnunar Íslands um frágang á námusvæðunum og aðgangi að námunum lokað. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að haft verði samráð við þar til bæra aðila, s.s. Veiðimálastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins varðandi frágang.

#### 4.3 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR OG LANDSLAG

Í athugasemdum frá Bryndísi Róbertsdóttur og Hauki Þórðarsyni og fleirum kemur fram að þau telja brýnt að halda raski á svæðinu við Taglalæk og Úthlíðarhraun í lágmarki. Mælt er til þess að ekki verði gerður framræsluskurður gegnum Úthlíðarhraun, nýir framræsluskurðir verði ekki grafnir og að Taglalækur verði ekki grafinn út í Andalæk eða farvegi hans breytt á annan hátt.

Í svari Vegagerðarinnar, dags. 1. apríl 1998, kemur fram að lega lækjarins verði óbreytt og ekki sé þörf á að grafa framræsluskurði samsíða veginum.

<sup>1</sup> Fylgiskjal 9 í frummatsskýrslu

<sup>2</sup> Fylgiskjal 1 í frummatsskýrslu

#### 4.4 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu mun vegurinn bæta samgöngur um sveitina og auka öryggi vegfarenda og íbúa svæðisins. Vegurinn færirst fjær íbúðarhúsunum og verður lagður bundnu slitlagi þannig að hávaði og rykmengun frá umferð mun minnka. Áætlað er að nýta núverandi veg áfram sem reiðleið og vegslóða fyrir vinnuvélar en vegurinn muni hinsvegar verða lokaður almennri umferð.

Náttúruvernd ríkisins telur æskilegt að reynt verði að ganga þannig frá núverandi vegi að hann verði sem minnst áberandi í landslagi. Ef nýta á núverandi veg sem reiðleið sé nauðsynlegt að hann verði lækkaður í landi enda ekki þörf á upphækkuðum vegi fyrir slíka umferð. Þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir áframhaldandi reiðvegatengingu að Geysi og að Laugarvatni.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps telur heppilegt að nýta gömlu brúna og eldri veg sem reiðleið og slóða fyrir vinnuvélar og gangandi vegfarendur.

Í svari Vegagerðarinnar, 18. mars 1998, kemur fram að sáð verður í aflögð vegsvæði. Telur Vegagerðin að vegurinn verði ekki áberandi eða muni standa uppúr í landinu.

#### 4.5 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í frummatsskýrslu kemur fram að ekki verði séð að þessar framkvæmdir raski fornleifum á svæðinu. Einu rústirnar eru leifar fjárhúss og réttar í landi Dalsmynnis. Reynt verði að komast hjá því að raska rústum fjárhússins og réttarinnar. Þjóðminjasafn Íslands minnir á að verði nauðsynlegt að hrófla við fjárhúsrústum í nágrenni vegarins sé nauðsynlegt að safninu verði gert viðvart í tíma og fornleifafræðingur fenginn til að fylgjast með framkvæmdinni. Komi í ljós áður óþekktar fornleifar eftir að framkvæmdir hefjast beri að tilkynna það Þjóðminjasafni Íslands án tafar.

Í athugasemd Bryndísar Róbertsdóttur er vakin athygli á Kónsvegi. Í svari Vegagerðarinnar, dags. 1. apríl 1998, kemur fram að sá hluti Kónsvegur sem liggur yfir Múlann ofan þjóðvegur ætti ekki að verða fyrir hnjaski vegna framkvæmdanna.

#### 4.6 AÐRIR KOSTIR

Í frummatsskýrslu er gerður samanburður á núverandi og fyrirhuguðu vegstæði. Eldri leið fullnægir ekki kröfum um vegstaðla Vegagerðarinnar. Á núverandi vegi á sér stað mikil snjósöfnun neðan við Dalsmynni. Á veginum eru erfiðar blindhæðir, krappar beygjur og mikill langhalli sem erfitt yrði að lagfæra án mikils jarðrasks.

#### 4.7 SKIPULAG

Um er að ræða nýjan 4 km vegarkafli á þjóðvegi nr. 37, Laugarvatnsvegi frá Úthlíð að gatnamótum við Biskupstungnabraut.

Ekkert skipulag er í gildi á þessu svæði. Aðalskipulag Biskupstungnahrepps er í vinnslu, en verður ekki lokið áður en áætlað er að framkvæmdin hefjist við veginn.

Mælt er með málsmeðferð skv. 3. t. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Jafnframt er vísað til 27. gr. laganna þar sem fram kemur að framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld.



## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur kynnt nýbyggingu Þjóðveg nr. 37, Laugarvatnsveg frá Úthlíð að Múla. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að bæta akstursöryggi á svæðinu þar sem vegurinn verður snjóléttari og blindhæðum og kröppum beygjum fækkar frá því sem er á núverandi vegi. Gert er ráð fyrir þremur námum á svæðinu, námu A í Andalæk, námu B við rætur Múlafjalls og námu C á Stakksáreyrum

Mikilvæg uppeldis- og hrygningarsvæði eru í Andalæk og er lagst gegn efnistöku úr árfarveginum. Jafnframt skal efnistöku haldið það fjarri læknum að hann renni ekki í gryfjur og þannig að leir og fínn salli berist ekki í lækinn. Samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins og Veiðimálastofnun vegna efnistöku við Andalæk. Fylgja ber leiðbeiningum og haft samráð við Náttúruvernd ríkisins um afmörkun námusvæða, jarðefnisnám og frágang námusvæða og vegfláa að verki loknu.

Fyrirhuguð framkvæmd er talin hafa nokkur áhrif á jarðmyndanir, gróður og fuglalíf en innan ásættanlegra marka. Skurðir á svæði Úthlíðahrauns verði ekki grafnir upp og farvegi Taglalækjar ekki raskað. Vegurinn liggur yfir svæði sem tengist vatnasviði Múlatjarna. Taka verður mið af því að raska ekki vatnasviði Múlatjarna við lagningu vegarins. Ekki verði grafinn skurður með veginum þar sem vegurinn liggur í jaðri mýrarinnar og rör verði lögð undir veginn til að vatnsstaðan haldist óbreytt.

Framkvæmdin er ekki talin stefna þekktum menningarminjum í hættu. Nauðsynlegt er að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart verði hróflað við fjárhúsrústum. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar eftir að framkvæmdir hefjast ber að tilkynna það Þjóðminjasafni Íslands án tafar.

Áætlað er að nýta núverandi veg sem reiðleið. Sáð verður í veginn og mun hann því ekki vera áberandi í landslagi. Út frá öryggissjónarmiði telur Skipulagsstofnun það góðan kost að nýta núverandi veg sem reiðleið. Stofnunin bendir þó á að eðlilegt sé að taka heildstætt á reiðvegamállum í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps sem nú er í vinnslu.

Á grundvelli frummatsskýrslu Vegagerðarinnar, umsagna og athugasemda er það mat skipulagstjóra ríkisins að fyrirhugaðar framkvæmdir við Laugarvatnsveg frá Úthlíð að Múla hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag, verði skilyrðum úrskurðar fylgt.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða breytingu á Laugavatnsvegi frá Úthlíð að Múla eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu með þeim skilyrðum að:

1. Efni verði ekki tekið úr farvegi Andalækjar. Við efnistöku verði ekki farið svo nærri læknum að hann kunni að renna í gryfjur eða að leir og fínn salli berist í hann. Haft verði samráð við Veiðimálastofnun um vinnutilhögun og tímasetningu verksins.
2. Jarðraski verði haldið í lágmarki og samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins um efnistöku og allan frágang að verki loknu.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. maí 1998.

Reykjavík, 15. apríl 1998

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir